



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

10. fundur haldinn á Hotel Borealis Grímsnes- og Grafningshreppi 4. maí 2017 kl. 10:00

Ari Björn Thorarensen, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð framkvæmdastjórnar og fundargerð stjórnar

Fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 9 frá 11. og 12. október var lögð fram og staðfest. Einnig var fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 21 frá 25. apríl lögð fram og staðfest.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Gunnar Þorgeirsson og Ásta Stefánsdóttir undir lið 2 – Ársreikningar stofnana HÁ og lið 3 – Ráðningarkjör forstöðumanna í fundargerð framkvæmdastjórnar.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson og Ásta Stefánsdóttir um 9. fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga, Hrísholtið.

Fundargerðir stjórna stofnana verða lagðar fram um leið og ársreikningar verða lagðir fyrir.

2. Ársreikningur Byggðasafns Árneseinga

Lýður Pálsson sat fyrir svörum.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árneseinga nr. 11 frá 6. febrúar og nr. 12 frá 27. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Njörður Sigurðsson um lið 3 í 12. fundargerð - Markaðsmál, skýrsla Einars Bárðarsonar.

Gunnar Þorgeirsson, Sveinn Steinarsson, Njörður Sigurðsson og Aldís Hafsteinsdóttir tóku til máls um lið 6 - Beiðni Byggðasafns Ölfuss.

Lýður tók til máls um lið 6 í fundargerð en óskað hefur verið eftir að Byggðasafn Árneseinga taki að sér að varðveita gripi Byggðasafns Ölfuss. Til að svo geti orðið þarf meira geymslurými fyrir safnið. Mundakotsskemma á Eyrarbakka hefur verið notuð sem geymsla en hún hefur fengið falleinkunn að mati fagaðila. Þegar geymslurými

safnsins hefur verið aukið telur Lýður það tækifæri fyrir byggðasafnið að fá þessa gripi til varðveislu.

Safnið þarf nauðsynlega á stærra geymslurými að halda. Hægt er að sækja um styrk til ríkisins til uppbyggingar á geymsluhúsnæði. Samkvæmt því sem Lýður segir þá er styrktarsjóðurinn tómur eins og er og líklega næstu tvö árin, en þó er um að gera að láta vita af sér.

Fundurinn beinir því til stjórnar að fara í gerð þarfagreiningar á fermetrum og rými fyrir geymsluhúsnæði og huga að því að setja þetta í ferli og sækja þá í framhaldi um styrk til ríkisins.

Lýður Pálsson ræddi um skýrslu Einars Bárðarsonar, ráðgjafa. Þar kemur fram að Einar er almennt ánægður með uppsetningu safnsins. Þó leggur hann til að heimasíða og bæklingur safnsins verði endurskoðað. Einnig benti hann á að koma á skoðunarferðum á safnið t.d. í samstarfi við aðra aðila í ferðaþjónustunni t.d. Tryggvaskála og Skyrgerðina þá kæmi fólk á safnið og færi svo í framhaldi í mat. Helsta auglýsing margra safna í dag er umfjöllum þekktara aðila sem koma og skoða söfnin og blogga eða skrifa um þau í framhaldi.

Lýður vill fara sem allra fyrst í breytingar á heimasíðunni og bæklingi. Einnig þarf að gera safnið sýnilegra á facebook.

Í umræðum kom fram að markmiðið er að auka gestafjölda í safnið, spurning er hvort það er gert með lengri opnunartíma eða meiri auglýsingu. Framtíðarmarkmið er að hafa safnið opið sem flesta mánuði ársins. Hafa þarf þó í huga að safnið tekur ekki endalaust við fleiri gestum vegna stærðar húsakostsins.

Sumaropnun er hafin og búið er að ráða starfsfólk.

Byggðasafn Árnesinga fékk úthlutað úr sjóði Safnaráðs kr. 2.250.000.

Í lokin sagði Lýður frá því að 1. júní nk. hefur hann verið starfsmaður safnsins í 25 ár.

Lýður fór yfir ársreikninginn og gerði grein fyrir honum.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn Steinarsson, Kjartan Björnsson, Björgvin Skapti Bjarnason og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

3. Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga og ný fjárhagsáætlun

Robert Darling og Helga Sighvatsdóttir sátu fyrir svörum.

Robert ræddi um að skólaárið sé búið að vera gott og hefur andrúmsloftið verið frábært á þessu skólaári. Breytingar voru gerðar á forskólakennslu í sýslunni en nú var farið í 4 heimsóknir til allra 2. bekkinga og þeim kynnt hljóðfæri, einnig fengu nemendurnir að prófa þau. Planið er að fjölga þessum heimsóknum í 6 á komandi skólaári. Næsta haust hyggst TÁ taka upp á því að fá foreldra nýnema að 12 ára aldri í heimsókn í 1 kennslustund áður en námið hefst. Þá verður foreldrum kynnt mikilvæg grunnatriði varðandi tónlistarnámið og hljóðfærið. Foreldrar og nemendur koma svo saman í næsta tíma.

Próf hafa gengið mjög vel og er meðaleinkunn á grunnprófum 8,8 og 8,5 í þeim miðprófum sem tekin hafa verið. Það er frábær árangur.

Margir tónleikar hafa verið haldnir í vetur, m.a. voru framhaldsdeildartónleikar haldnir í Hveragerðiskirkju, og enn fleiri tónleikar eru fram undan.

Fimm atriði fóru frá TÁ á svæðistónleika í Salnum í Kópavogi og stóðu allir nemendurnir sig mjög vel. Einn nemandi, Kristín Viðja Vernharðsdóttir, var valin til að taka þátt á lokatónleikum Nótunnar í Eldborgarsalnum og stóð hún sig þar með mikilli þrýði og vann til verðlauna í sínum flokki.

Samningar FT og SNS voru undirritaðir eftir 15 mánaða samningaleysi. Kennarar voru fegnir að samningar náðust en eru þó ekki endilega ánægðir með niðurstöðuna.

Í lokin sýndu þau tónlistaratriði frá lokatónleikum Nótunnar í Hörpunni.

<https://vimeo.com/channels/1227704>

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 178 frá 14. nóvember, nr. 179 frá 24. janúar og nr. 181 frá 21. mars voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson og Sandra Dís Hafþórsdóttir um fundargerð 178 - Önnur mál, kennsluástaða á Selfossi.

Lagður var fram viðauki við fjárhagsáætlun og ný kostnaðarskipting fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2017. En vegna breytinga á kjarasamningum tónlistarskólakennara varð að gera breytingu á áætluninni.

Til máls tók auk formanns Sveinn Steinarsson og Helgi Kjartansson.

Viðauki við fjárhagsáætlun var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Helga Sighvatsdóttir gerði grein fyrir ársreikningi.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

4. Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga

Þorsteinn Tryggvi Másson sat fyrir svörum.

Þorsteinn sýndi af heimasíðu safnsins verkefni sem safnið er að vinna að, þ.e. að setja allar gerðabækur gömlu hreppanna inn á vefinn ásamt því að verið er að setja félagsblöð ungmennafélaganna inn.

25 millj. uppflettingar voru á vef HÁ og ljósmyndavefinn á síðasta ári.

Sævar og Þorsteinn hafa verið að vinna í eftirliti og ráðgjöf síðastliðið ár.

Benti hann á að bæta þarf varðveislu gagna frá sveitarfélögunum, þetta lendir mjög oft aftast í röðinni þó það sé gríðarlega mikilvægt að halda vel utan um þessi mál. Nú líður að því að varðveisla rafrænna gagna verði tekin upp hjá safninu.

Ræddi hann um sýningu á myntsafni Helga Ívarssonar sem opnuð var í Húsinu en þetta safn er 3ja stærsta einkasafn myntar á landinu. Finnst honum mikilvægt að huga vel að því að bæta enn í safnið. Sýningin mun í framhaldi fara í Bókasafnið á Selfossi. Stöðugildi á safninu eru 3,5 og er það ósk Þorsteins að geta haft 3 föst stöðugildi.

Starfsfólkið er gott, sýnir frumkvæði og vinnu vel.

Í lokin hvatti hann sveitarstjórnarmenn til að fá sýningar, t.d. myntsafn Helga og sýninguna Konur í sveitarstjórnnum, og setja þær upp í sínum bæjarfélögum við sérstök tilefni.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árneseinga frá 19. apríl var lögð fram og staðfest.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Eyrún Björg Magnúsdóttir og Njörður Sigurðsson.

Þorsteinn fór yfir ársreikninginn.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Njörður Sigurðsson, Sveinn Steinarsson, Kjartan Björnsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Egilsson og Eyrún Björg Magnúsdóttir.

Héraðsnefnd veitir stjórn Héraðsskjalasafn Árneseinga og framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga leyfi til að gera tilboð í frekara geymsluhúsnæði og vera vakandi fyrir ef pláss losnar í því húsnæði sem nú þegar hýsir geymslupláss safnsins.

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árneseinga var lagður fram og staðfestur.

5. **Ársreikningur Listasafns Árneseinga**

Inga Jónsdóttir sat fyrir svörum.

Fundargerðir stjórnar Listasafns Árneseinga frá 28. febrúar og 2. maí voru lagðar fram og staðfestar.

9600 gestir heimsóttu safnið á síðasta ári. 6 nýjar sýningar voru opnaðar og fengu 3 þeirra umfjöllun í Kastljósinu, sem er gott þar sem ekki að auðvelt að auglýsa sýningar.

Sýningin Nautn fékk þónokkra umfjöllun en hún þótti misbarnvæn. Inga ítrekar það við sveitarstjórnarmenn að nýta betur safnið fyrir skólana í sýslunni. Það sé synd hvað fáir skólar komi og heimsæki safnið.

Lagnir í safninu eru farnar að tærast. Inga kallaði til pípara sem sagði að lagnirnar væru ekki í góðu standi. Ekki er óhætt að bíða fram til næsta árs með viðgerðir. Einnig þarf að laga loftræstiskerfi en það er ekki viðunandi samkvæmt safnaráði.

Ræddi hún um kröfur myndlistarmanna um þeir fái greitt fyrir sýningar. Safnið hefur ekki verið að bjóða neina þóknun til sýningaraðila en það er brýnt að Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið hugi að þessum málum. Einnig ræddi hún um möguleika á breytingum á safninu sem myndi leiða til þess að hægt væri að setja upp safnaverslun og veitingasölu.

Til máls tóku auk formanns Unnur Þormóðsdóttir, Njörður Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Gunnar Egilsson.

Héraðsnefnd samþykkir að stjórn Listasafns Árneseinga kanni hvaða breytingar þarf að gera til að setja t.d. upp safnaverslun eða veitingasölu.

Liður 2 í fundargerð frá 2. maí – Viðhald lagnakerfis. Fundurinn felur formanni Listasafns Árneseinga að fá aðila til að fara í viðgerðir á lagnakerfi safnsins. Samþykktur var viðauki við fjárhagsáætlun vegna viðgerða á lagnakerfi LÁ

Inga gerði grein fyrir ársreikningi.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

6. Ársreikningur Brunavarna Árnesinga

Pétur Pétursson sat fyrir svörum.

Árið 2016 voru útköll á stöðvar BÁ 144. Sýndi Pétur fjölda útkalla á hvert sveitarfélag fyrir sig og ástæður útkalla. Flest útköll eru boðuð vegna elds. Einnig sýndi hann samanburðartölur 2012 – 2016 en þar kemur fram að útkalla fjöldi er mjög svipaður milli ára. Ef F4 útköll eru á vinnutíma hafa fastir starfsmenn á stöðinni farið í þau útköll. Með því sparast launakostnaður. Launahækkunarir hafa orðið vegna breytinga á kjarasamningum en þær voru greiddar út í maí. Einnig sýndi hann launaþróunina frá 2012-2017. Vegna nýrra kjarasamninga varð 13,2% hækkun á árinu 2016 auk 0,75% hækkunnar vegna tryggingargjalds.

Fór hann yfir hvað hefur áunnist eftir úttekt R3 á rekstri BÁ 2015. Fagráði var breytt í stjórn og var fulltrúum fjölgað um tvo, í framhaldi af því hafa fundir verið haldnir reglulega.

Tveir vatnsflutningabílar hafa verið endurnýjaðir en leitað hefur verið hagkvæmari leiða en áætlanir gáfur til kynna, vegna kaupa á vatnsbílum og dælubifreið.

Slökkvistöð á Stokkseyri hefur verið lögð niður. Fjölgað hefur verið úr tveimur eldvarnaeftirlitsmönnum í fjóra, auk þess sem allir starfsmenn BÁ utan eins eru menntaðir eldvarnaeftirlitsmenn. Farið er reglulega yfir þá kosti og galla að gera BÁ að hluta til að atvinnuslökkviliði. Ekki hafa farið fram umræður um mikilvægi þess að BÁ taki að sér rekstur sjúkraflutninga.

Fór hann yfir bílaumferð í Árnessýslu milli ára. Aukning hefur orðið á umferð milli Hveragerðis og Selfoss eða um 17,5% milli árána 2015 og 16, flutningur milli Geysis og Gullfoss hefur aukist um 49,8% og um Hellisheiði um 14,8%.

Að lokum ræddi hann um að bygging á slökkvistöð í Árnesi sé aðeins á eftir áætlun og um áætlanir vegna sinubruna og skógarelda á stórum svæðum í sýslunni.

Til máls tók auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Sveinn Steinarsson, Ásta Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Eyrún Björg Magnúsdóttir, Gunnar Egilsson, Unnur Þormóðsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Auðunn Hermannsson, endurskoðandi.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 10 frá 28. september, nr. 11 frá 22. nóvember, nr. 12 frá 17. janúar, nr. 13 frá 14. mars og nr. 14 frá 2. maí voru lagðar fram og staðfestar.

Pétur gerði grein fyrir ársreikningi.

Ársreikningur Brunavarna Árnessýslu var lagður fram og staðfestur.

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og skýrði frá lántöku Brunavarna Árnessýslu vegna kaupa á nýrri slökkvibifreið.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram og samþykkt samhljóða.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir hér með að Brunavarnir Árnessýslu taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga, allt að 44.000.000 kr. til 7 ára, í samræmi við

skilmála láns til ársins 2024 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri slökkvibífi sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Pétur Péturssyni, kt.210873-5979, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna Árnassýslu að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

7. Ársreikningur Almanna- og Sveitarfélags Árnassýslu

Ásta Stefánsdóttir, formaður almanna- og sveitarfélags Árnassýslu, fór yfir ársreikning og fundargerðir.

Fundargerð framkvæmdaráðs Almanna- og Sveitarfélags Árnassýslu nr. 18 frá 25. apríl var lögð fram og staðfest. Einnig var 23. fundargerð Almanna- og Sveitarfélags Árnassýslu frá 18. nóvember lögð fram og staðfest.

Héraðsnefnd samþykkir að taka þátt í verkefni sem Víðir Reynisson hefur verið að vinna að og þeim verkefnum sem þarf að vinna að áfram út 2018. Tekið sé mið af því að kostnaður sveitarfélaganna verði 250 kr. á íbúa og unnið verði að þeim verkefnum sem upphaflega var áætlað. Tekið skal tillit til þessa í fjárhagsáætlun í haust.

Tillaga um endurskoðun samþykkt Almanna- og Sveitarfélags Árnassýslu var lögð fram og samþykkt samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir, Njörður Sigurðsson, Gunnar Þorgeirsson, Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri og Aldís Hafsteinsdóttir.

Ársreikningur fyrir Almanna- og Sveitarfélag Árnassýslu var lagður fram og staðfestur.

8. Ársreikningur Héraðsnefndar Árnassýslu

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, fór yfir reikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sveinn Steinarsson,

Njörður Sigurðsson, Björgvin Skafti Bjarnason og Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður.

9. Önnur mál

a) *Fjallskilasamþykkt endurskoðun*

Lögð var fram fundargerð um fjallskilamál á Hrunamanna- og Biskupstungnaafrétti. Farið er fram á við Héraðsnefnd Árnesinga að fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna verði endurskoðuð. Einkum verði litið til kafla V um réttir og réttarhöld, 27. grein um réttartíma, einnig til kafla III um fjallskil, 10. gr. um skyldur til fjallskila.

Lagt er til að sveitarfélög austan vatna skipi einn fulltrúa í nefnd í endurskoðun á fjallskilasamþykkt sem svo hittir framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga.

b) *Fab Lab*

Formaður nefnarinnar ræddi um kynningu á Fab Lab á vígslu FSu.

Gunnar Þorgeirsson tók til máls og sagði að Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari FSu, hefði áhuga á koma á fót Fab Lab smiðju við skólann.

Lagt er til að farið verði yfir það hvað vantar upp á til að geta sett upp Fab Lab smiðju og hvað það kostar. Spurning hvort hægt sé að sækja um styrk til Nýsköpunarmiðstöðvar og einnig að leita til allra sveitarfélaga sem eiga aðild að FSu hvort þau séu tilbúin að leggja til fjármagn til að koma smiðjunni upp. Svona smiðja þyrfti að vera opin öllum, ekki bara nemendum.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga var falið að ræða við skólameistara FSu hvort áhugi sé á að koma á fót smiðju í FSu, einnig að kanna hvaða búnað þarf.

c) *Alviðra*

Árni Eiríksson ræddi um stöðuna hjá Alviðru en staðan þar er óbreytt.

d) *Árnessýsla – möguleg sameining sveitarfélaga.*

Gunnar Þorgeirsson tók til máls um fund sem haldinn var í Vatnsholti um mögulega sameiningu sveitarfélaga og íbúafundi sem fram undan eru í sveitarfélögum.

Til máls tóku auk formanns Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eyrún Björg Magnúsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Sveinn Steinarsson, Njörður Sigurðsson, Kjartan Björnsson, Ásta Stefánsdóttir, Árni Eiríksson, Unnur Þormóðsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Fundarmenn fela Gunnari Þorgeirssyni og Ástu Stefánsdóttur að funda með fulltrúum KPMG.

Ekki voru fleiri mál til umræðu. Ari þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum fyrir góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Sveinn S. Steinarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Björgvin Skafi Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Þráinsson	Bláskógabyggð
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Unnur Þormóðsdóttir	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Gunnar Egilsson	Árborg
Kjartan Björnsson	Árborg
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Árborg
Eyrún Björg Magnúsdóttir	Árborg
Ármann Einarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari